

tvíriti og skal senda afrit eiturbókar til eiturefnanefndar ásamt eiturbeiðnum í lok hvers árs.

2. gr.

15. grein i-liður reglugerðarinnar orðist svo:

Í eiturbók skal skrá alla sölu lyfjabúðar á eiturefnum, sem eru á listum I og II í gildandi reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna svo og alla sölu eiturefna á listum X, A og B samkvæmt reglugerð nr. 132/1971 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 1. janúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 500 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 200 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1977.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 171 10. september 1969 um skoðunargjald bifreiða og bifhjóla.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.